

AUGLÝSING

frá Sveitarfélaginu Ölfusi um deiliskipulagstillögu fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 23. mars 2008 samþykkt deiliskipulag er nær til hafnarsvæðisins í Þorlákshöfn, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum.

Ábendingar skipulagsstofnunar á uppdrætti og greinargerð hafa verið leiðréttar. Unnið er að umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands vegna fráveitumála innan deiliskipulagssvæðisins.

Afmörkun hafnarsvæðisins hefur breyst. Afmörkun deiliskipulags tekur mið af gildandi aðalskipulagi fyrir hafnarsvæðið.

Svæðið sunnan Selvogsbrautar á milli Óseyrarbrautar og Hafnarskeiðs vestan Nesbrautar fellur undir athafnasvæði í nýju aðalskipulagi Ölfuss, 2002-2014. Deiliskipulag fyrir þetta svæði fellur undir deiliskipulag iðnaðarsvæðis sem er í vinnslu.

Höfnin hefur verið stækkuð til norðurs í samræmi við nýtt aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014.

Breytingar hafa átt sér stað á fyrirkomulagi hafnarmannvirkja í samræmi við tillögur sem unnar voru fyrir Þorlákshöfn hjá Siglingastofnun og samþykktar 23. febrúar 2003.

Aðkoma að hafnarsvæðinu hefur breyst. Fyrri skipulag gerir ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Óseyrarbrautar og Hafnarskeiðs, en samkvæmt nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir hringtorgi nokkuð vestar sem skiptir nýrri aðkomu frá Suðurstrandarvegi annars vegar í miðbæjaraðkomu og hins vegar í hafnaraðkomu. Hafnaraðkoma liggur austur fyrir núverandi Hafnarskeið og tengist því sunnan við Svartasker.

Deiliskipulag þetta, eftir auglýsingu, umfjöllun og samþykkt er bindandi fyrir Sveitarfélagið Ölfus, fasteignaeigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Skipulagið felur í sér framkvæmdamöguleika fyrir breytingar og nýbyggingar. Deiliskipulagið felur ekki í sér framkvæmdaskyldu nema þess sé sérstaklega getið. Það þýðir að húseigandi ákveður sjálfur hvort og hvenær hann nýtir sér þá framkvæmdamöguleika sem í skipulaginu felast. Bæjarfélagið getur hins vegar beitt eignarnámsheimildum skv. 32. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til þess að ná fram markmiðum skipulagsins, semjst ekki við viðkomandi fasteignaeigendur um framkvæmdir eða uppkaup eigna.

Lóð við Óseyrarbraut 30 og Hafnarskeið 31 er breytt í þrjár lóðir. Lóðin Óseyrarbraut 30 fyrir sorpflokkunarstöð er felld út og í staðinn er eingöngu gert ráð fyrir lóðum fyrir hafnarsækna starfsemi á svæðinu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 28. nóvember 2008.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.